
Efni: Kerfisáætlun 2021-2030 – Umsögn Skipulagsstofnunar

Vísað er til erindis Landsnets dags. 10. júní 2021 þar sem vakin er athygli á að tillaga að Kerfisáætlun 2021-2030 ásamt umhverfisskýrslu er í kynningarferli.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir kerfisáætlunina og umhverfisskýrslu hennar og er ljóst að ekki er um miklar breytingar að ræða frá Kerfisáætlun 2020-2029 og frá Kerfisáætlun 2019-2028. Ekki er því ástæða til að gera miklar athugasemdir við kerfisáætlunina og umhverfisskýrslu hennar þar sem fyrir liggja athugasemdir Skipulagsstofnunar við fyrrgreindar kerfisáætlanir og umhverfisskýrslu þeirra. Stofnunin vill þó benda á eftirfarandi:

Skipulagsstofnun bendir á að ekki virðist vera að finna skýringu á hvers vegna nú er gert ráð fyrir rakorkuspá til 40 ára til ársins 2060 í stað 30 ára áður, þ.e. skv. Kerfisáætlun 2020-2029, þar sem eðli málsins samkvæmt má gera ráð fyrir að spár verði ónákvæmari eftir því sem þær taka yfir lengra tímabil.

Í umræðum í kerfisáætlun um jarðstrengi í meginflutningskerfinu kemur eftirfarandi fram: Landsnet hefur unnið greiningu á mögulegri lengd jarðstrengja í nýrri 220 kV Holtavörðuheidiarlínu 1, milli Klafastaða og nýs tengivirkis á Holtavörðuheidi. Niðurstaða þeirrar greiningar er að hámarks lengd jarðstrengs í Holtavörðuheidiarlínu 1 sé um 3-4 km. Ekki er að finna rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu og ekki er í kerfisáætlun að finna umfjöllun um um hvaða áhrif það kunni að hafa á lengd jarðstrengja í 10 ára áætluninni í fyrirhuguðum línunum á Vestur- og Norðvesturlandi að Blöndu og línunum á Norður- og Norðausturlandi þegar flutningskerfið frá Hvalfirði og að Fljótsdalsstöð er tengt samfellt við hið sterka kerfi á Suðvesturlandi.

Í kafla um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku kemur fram að skýrsla um rannsóknir og greiningar á jarðstrengsmöguleikum hafi verið lögð fram og sé nánar fjallað um efni hennar í fyrri kerfisáætlunum. Þá kemur fram að megininntak skýrslunnar sé þó það að ekki sé tilefni til þess að slaka á takmörkunum á lagningu jarðstrengja í flutningskerfi raforku, sem lýst er í þingsályktun 11/144. Skipulagsstofnun telur að ástæða sé til að fjalla um niðurstöður þessarar skýrslu í kerfisáætlun 2021-2030 í stað þess að vísa eingöngu í fyrri áætlanir.

Stofnunin telur þá staðhæfingu sem fram kemur í kafla 7.3.4 í umhverfisskýrslu um að Holtavörðuheiðarlína 1 verði lögð sem loftlína á stálgrindamöstrum koma á óvart þegar gert er ráð fyrir að m.a. Hólasandslína 3 og Blöndulína 3 verði reistar á stálrörámöstrum og Kröflulínu 3 er verið að reisa á slíkum möstrum. Skipulagsstofnun telur að rökstyðja þurfi hvers vegna Landsnet hyggst reisa Holtavörðuheiðarlínu 1 á stálgrindamöstrum.

Jakob Gunnarsson